



Dagsetning: 24. maí 2010  
Málsnúmer: 0905099  
Bréfalykill: 13.9

Til bæjarráðs

## UMSÖGN

*um næstu skref í samstarfi við Fljótsdalshérað, Seyðisfjarðarkaupstað og Fljótsdalshrepp um urðunarmál.*

Á 196. fundi bæjaráðs þann 4. maí síðastliðin var óskað eftir minnisblaði mannvirkjastjóra og umhverfisstjóra um tillögur til að fylgja eftir tillögum starfshópsins. Þau atriði sem þarf helst að horfa til og skoða betur eru eftirfarandi:

- ✓ Fyrirkomulag samstarfs, samlag eða hugsanlega eitthvað annað form sem þarf að skoða.
- ✓ Drög að samningi við hin sveitarfélögin um greiðslur fyrir Þernunes, þ.e. þann eignarhlut sem Fjarðabyggð hefur lagt í Þernunes.
- ✓ Kröfur Umhverfisstofunnar í nýju starfsleyfi fyrir Þernunes, þ.e. aðallega þær sem snúa að botnþéttingu og gassöfnun.
- ✓ Tryggja framhaldið eftir að Þernunes fyllist.
- ✓ Samningar við landeiganda í Þernunesi, en ganga verður frá framlengingu á samningi sem fyrst. Nýr samningur við landeiganda er í raun forsenda áframhaldandi urðunar í Þernunesi, hvort sem er í samstarfi eða ekki.
- ✓ Skoða mögulega hagræðingu Fjarðabyggðar í rekstri málaflokksins við samstarf, einnig með meira samstarf í huga, t.d. við hirðingu, möguleiki á sameiginlegu útboði að 6 árum liðnum.



*Jóhann Ben.*  
Jóhann Eðvald Benediktsson